

Hvað er vendinám- Myndband

Skilgreining

Vendinám er kennslufræðileg nálgun þar sem bein kennsla færast úr hópakennslu í skólastofunni yfir í heimanám og leiðir til þess að kennslutíma í skólastofunni er umbreytt í gagnvirkt námsumhverfi þar sem kennari leiðbeinir nemendum, þeir koma með hugmyndir og taka þátt skapandi vinnu er varða umfjöllunarefnið

Með vendinámi gefst kennaranum tækifæri til þess að skipta um hlutverk, fara úr því að vera miðjan eða sviðsmaður yfir í að vera leiðbeinandi.

Vendinám byggist m.a. á því að innlögn eða fyrirlestrar eiga sér stað utan kennslustofu og verkefnavinna og umræður eiga sér stað í skólanum.

Um leið og innlögnin á sér stað utan skóla nemandans myndast tími og svigrúm til þess að nota tímann í skólastofunni í annað en innlögn og kennarinn getur nýtt þann tíma til þess að aðstoða nemendur sína með verkefni, æfa námsefnið og ná dýpri þekkingu á efninu.

Fjórar hliðar FLIP:

Þar er orðið FLIP notað sem áherslur á hugmyndafræðina. Hér má finna „The four pillars of FLIP“

F stendur fyrir FLEXIBLE ENVIRONMENTS eða sveigjanlegt umhverfi þar sem að vandinám býður upp á breytileika í kennslu. Sem dæmi má nefna eru margir kennarar sem endurraða kennslurými á þann hátt að það styðji við þá vinnu sem fram fer í kennslustofunni. Hvort sem að það er hópavinna eða einstaklingsvinna. Kennslutíminn í skólastofunni er vinnutími. Einnig á sveigjanleikinn að ná til nemandans m.t.t. námstíma og námsmats.

L stendur fyrir LEARNING CULTURE eða námsmenning. En þar er átt við það að með vandinámi sé í raun verið að breyta menningunni í námi. Í stað þess að kennarinn sé miðpunktur og uppspretta upplýsinga þá er hann styðjandi við nemandann og það er nemandinn sem á að vera miðpunkturinn. Nemendur eiga því einnig fræðilega að geta hraðað námi sínu með því að skoða efni utan hópsins og kennarar ættu að geta hámarkað gæði tímans sem þeir hafa með nemendum. En þarna er kannski vísun í Mastery Learning en um það verður fjallað hér aftar í ritgerðinni.

I Stendur fyrir INTENTIONAL CONTENT eða áætlað innihald. Kennarar þurfa að meta það hvaða efni þeir þurfa að kenna beint og hvaða efni eiga nemendur fyrst kanna á eigin tíma utan kennslustofunnar. Þeir eiga að meta það hvernig þeir geta notað vandinám til að hjálpa nemendum að öðlast dýpri skilning á námsefninu. Kennarar þurfa að vera með skýr markmið fyrir kennslutímann til að hámarka gæði tímans og hafa í huga að nemandinn er miðjan.

P stendur fyrir PROFESSIONAL EDUCATORS eða faglegir kennarar. Með því að leggja áherslu á hversu mikilvægir kennararnir eru og fagmennska þeirra er verið að leggja áherslu á það að með

vendinámi er ekki verið að gera kennarann óþarfann. Þvert á móti er mikilvægt að kennarar sýni fagmennsku og að þessi aðferð reyni talsvert á kennara ef rétt er haldið á spilunum.